


Gunnlaugur Ingólfsson  
Stofnun Árna Magnússonar í Íslenskum  
fræðum

Málþing í minningu Stefáns Einarssonar  
prófessors  
Breiðdalsvík  
8.–9. júní 2013

Áttatáknanir í Múlþingi


1.

Mörgum er sjálfsagt kunnugt að *áttatáknanir*, notkun og merking stefnuorða, eru með ólíku móti í hinum ýmsu landsfjórðungum og héruðum landsins. Segja má að þetta sé þekkt og vitað í stórum dráttum enda er vikið að þessu á ýmsum stöðum, svo sem í Árbókum Ferðafélags Íslands og þetta ber stundum á góma í héraða-, áttaha- og minningaritum. Enn fremur er nokkrar leiðbeiningar um þessi mál að finna í handbókum eins og *Íslenskt málfar* sem Árni Böðvarsson (1992) tók upphaflega saman handa starfsfólki Ríkisútvarpsins. Einnig hefur Ari Páll Kristinsson (1998) gert nokkra grein fyrir þessu í bók sinni *Handbók um málfar í talmiðlum* sem einnig er saminn sérstaklega til leiðbeiningar starfsfólki fjölmiðla.



Hins vegar er þetta meira mál en svo að nokkur einn kunni full skil á þessu hringinn í kringum landið enda hefur heimildum um þetta ekki verið safnað svo rækilega sem skyldi. Þó er þetta engan veginn óplægður akur. Stefán Einarsson prófessor, sem fæddur var og uppalinn hér í Breiðdal, rannsakaði austfirsk mállýskueinkenni þegar á stúdentsárum sínum á fyrri hluta síðustu aldar og safnaði jafnframt örnefnum á Fjörðum og Héraði. Hann þekkti að sjálfsögðu áttatáknin í umhverfi sínu frá bernsku en þær gilda um suðurhluta Austfjarða og safnaði að sér frekari fróðleik um þær í nálægum sveitum meðfram hinum eiginlegu mállýskurannsóknum.<sup>1</sup> Stefán ritaði snemma grein um áttatáknin í íslensku nú á dögum og reyndi að spanna landið allt (1952) og einnig samdi hann ritgerð um áttatáknin í fornritum, einkum Íslendinga sögum (1953). Þessar greinar birtust í Skírni 1952 og 1953. Það sem hér verður sagt á eftir styðst að sjálfsögðu við hans samantekt en einnig hefur Orðabók Háskólans smám saman safnast nokkurt efni um þetta í sambandi við útvarpsþáttinn *Íslenskt mál* og verður það einnig notað eftir því sem tilefni gefst til. Enn fremur hefur Örnefnastofnun borist álitlegt safn stefnu- og áttaorða í sambandi við örnefnasöfnum sína.

<sup>1</sup>Vandaður æviþáttur um Stefán eftir Sjöfn Kristjánsdóttur birtist í 2. tbl. Glettings 2002., bls. 20–29.



Sem dæmi um áttatáknin í öðrum landshlutum en Múlapingi má nefna að það er gamalt og nýtt mál á Suðurlandi að *út* sé haft í merkingunni `vestur`, þ.e. um *megin*-áttina eða -hreyfinguna í vestur. Úr Vestur-Skaftafellssýslu og Rangárvallasýslu er talað um að fara *út í Flóa*, *út á Selfoss* og *út í Ölfus*. Þessi notkun *út* í merkingunni `vestur` kemur t.d. fram í vísunni um vegalengdina sjóleiðis milli Eyrarbakka og Selvogs: Frá Eyrarbakka og *út í Vog* / er svo mældur vegur: / átján þúsund áratog / áttatíu og fjugur. Jafnvel eru dæmi þess að sagt væri *út á Hól* og átt við Kolviðarhól en þá er reyndar komið yfir Hellisheiði. En *út í Herdísarvík*, *út í Grindavík* er almennt mál — eða hefur verið til skamms tíma.

Enn fremur er á Suðurlandi orðið *fram* gjarnan notað um áttina til sjávar en *upp* er áttin inn til landsins og *inn* ef farið er upp á hálendið. Úr uppsveitum er sagt *niður* í sveitir og tilekna staði í lágsveitunum: *niður í Flóa*, *niður á Bakka*, þ. e. Eyrarbakka, en þó er ævinlega sagt *út í Eyjar* um Vestmannaeyjar.

Á Vestfjörðum eru gagnstæðar áttir *vestur* og *norður*, a.m.k. á vestasta hluta kjálkans. Frá Ísafirði er þá talað um að fara *vestur í Dýrafjörð* og Arnarfjörð og alla leið *vestur á Patreksfjörð* og svo þaðan *norður í Önundarfjörð*, *norður á Ísafjörð*, *norður* eða *inn í Djúp*. Þessi áttaskipan endurspeglar reyndar í hinni gömlu skiptingu Ísafjarðarsýslu, í sýsluheitunum *Vestur-* og *Norður-Ísafjarðarsýsla*. Þessa orðanotkun má t.d. greinilega sjá í minningabók Kristjáns Jónssonar frá Garðsstöðum, Af sjónarhóli, sem út kom 1967.

Á Norðurlandi vestanverðu er talað um að fara *norður í Skagafjörð*,


*norður í Eyjafjörð en ýmist norður eða austur í Þingeyjarsýslur. Á Akureyri er gjarnan sagt að fara austur í sýslu eða sýslur. Hins vegar eru heimildir fyrir því að gamalt fólk á Akureyri og einkum frammi í Eyjafirði hafi sagt að fara norður í Fnjóskadal og þá norður í Þingeyjarsýslu. Á Norðurlandi er fram gjarnan notað um áttina inn til landsins, ólíkt því sem málvenja er á Suðurlandi. Hins er svo aftur að gæta að til er, eða var áður fyrr, að orðið fram sé um áttina, eða jafnvel áfangastað, út á sjó, t. d. fram á Grímseyjarsund, fram í Grímsey, fram að Kolbeinsey þó að líklega sé algengast að nota hér út núorðið. Gamlir Grímseyingar vöndust því að sagt væri að fara upp í Fjörður, úr Grímsey og í Hvalvatns- og Þorgeirsfjörð.*

Þetta eru aðeins fáeinar dæmastiklur um áttatáknanir og notkun og merkingu átta- og stefnuorða, en eins og áður sagði er þetta miklu meira mál í einstökum atriðum.

Nú vikur sögunni austur í Fjörðu.

2.


Austfirðingafjórðungur hinn forni náði frá Langanesi að Jökulsá á Sólheimasandi. Á síðari öldum Á síðari öldum hafa syðri



fjórðungamörkin færst til, voru um skeið um Lónsheiði, þar sem mörk Austur-Skaftafellssýslu og Suður-Múlasýslu hafa verið, en síðar voru fjórðungamörkin á Skeiðarársandi. Um nokkurra áratuga skeið hafa þessi fjórðungamörk verið jafnframt mörk Austurlands- og Suðurlandskjördæmis en með nýrri kjördæmaskipan lendir Austur-Skaftafellssýsla í Suðurlandskjördæmi. Ég mun í

yfirferð minni hér á eftir miða við þessi nýju kjördæmamörk eða nálægt því, að lína sé dregin frá Eystra-Horni í Gunnólfsvíkurfjall á Langanesi.

Á sunnanverðum Austfjörðum eru höfuðáttirnar, eða áttaorðin *austur* og *suður*, gagnstæðar áttir en landsmeginstefnan er á köflum nálægt því að vera frá *suðvestri* til *norðausturs*.




Þegar komið er úr Hornafirði á leið austur á Firði er reyndar fyrst talað um að fara *upp* í Lón en síðan er farið *austur* á Djúpavog, *austur* í Breiðdal, *austur* á Fáskrúðsfjörð og Reyðarfjörð.

Úr Berufirði er farið *suður* í Lón og Hornafjörð og *suður* á land. Þegar farið er í hina áttina er fyrst farið *austur* eða *upp* á Breiðdalsvík, *upp* í Breiðdal, sbr. *upp* í Lón hér á undan, en úr því *austur*, *austur* á Stöðvarfjörð og alla leið *austur* á Seyðisfjörð og jafnvel *austur* á Borgarfjörð en úr því fremur *norður* en *austur*, t. d. *norður* í Vopnafjörð. Strendur fjarðarins kallast *Suður-* og *Austurströnd*.

Heimildarmaður í Reykjavík, sem upprunninn er úr Breiðdal, segir að talað hafi verið um að fara úr Breiðdal *austur* á Fáskrúðsfjörð, Reyðarfjörð, Eskifjörð, Norðfjörð og Seyðisfjörð, *austur* í Loðmundarfjörð og allt *austur* á Borgarfjörð — allt að Héraðsflóa segir heimildarmaður Örnefnastofnunar (Ármann Halldórsson eftir Sigurði Þorleifssyni, Karlsstöðum). Stefán Einarsson nefnir að jafnvel hafi verið talað um fara *austur* á Vopnafjörð, úr Breiðdal, þó að oftari væri sagt að fara *norður*, *norður* á Vopnafjörð og tekur heimildarmaður minn undir það. — Annar heimildarmaður, sem býr á Breiðdalsvík, er hins vegar í nokkrum vafa hvort hann segi frekar að fara *norður* eða *austur* á Seyðisfjörð.

Hann telur jafnvel að breyttir samgönguhættir kunni að hafa haft hér áhrif á orðanotkun, þ. e. að frekar sé talað um að fara *norður á Seyðisfjörð* eftir að samgöngur á landi bötnuðu og jukust. Á hinn bóginn er farið úr Breiðdal suður í Berufjörð, *suður á Djúpavog* og *suður í Hornafjörð*.

Heimamaður á Stöðvarfirði segir að þaðan sé talað um að fara *suður til Breiðdalsvíkur, Berufjarðar og Hornafjarðar* o. áfr. en á hinn bóginn *austur til Fáskrúðsfjarðar*, en úr því *norður, norður á Reyðarfjörð, Eskifjörð og Norðfjörð* o. áfr. Heimildarmaður Örnefnastofnunar (Ármann Halldórsson eftir sr. Einari Þorsteinssyni frá Stöðvarfirði) segir hins vegar *austur á Fáskrúðsfjörð* og aðra firði norðar til Seyðis- og Loðmundarfjarðar, en síðan *norður á Borgarfjörð* o.áfr.



Frá og með Fáskrúðsfirði fer að verða algengara að tala um *norður* í stað *austurs*. Heimildarmaður Örnefnastofnunar (Ármann Halldórsson eftir Jóni Úlfarssyni, Eyri) segir að innanfjarðar sé talað um að fara *norður yfir fjörð*, síðan *norður til Reyðarfjarðar* og áfram *norður* um land.

Þessi áttanotkun, sem nú hefur verið lýst, er ekki einungis höfð um lengri leiðir. Á einstökum fjörðum eru sömu áttatáknarnir innanfjarðar eins og þegar hefur komið fram. Í Berufirði er t. d. talað um *fyrir austan fjörð* og *sunnan við fjörð*, sbr. *Austurströnd* og *Suðurströnd*, sem nefndar voru hér á undan, og hið sama er að segja um nágrannafirðina austur á Stöðvarfjörð.


Um stefnuna til lands og til sjávar í byggð er tíðast notað *inn* í átt til landsins og *út* í átt til sjávar, sbr. vindaheitin *utanátt, utangola* eða *innlögn* um vind sem leggur af sjó inn yfir land.

Áður en skilist verður í bili við Firðina er rétt að vekja athygli á því að Breiðdalur skiptist í tvo dali eða arma sem skerast inn í landið með sömu meginstefnu og firðirnir. Þessir dalir eru kallaðir *Norður-* og *Suður-*dalur í máli heimamanna en ekki, eins og vænta mætti af því sem hér hefur þegar verið sagt, *\*Austur-* og *\*Suðurdalur*.

Austurland skiptist í tvo megin-landsbálka, hina eiginlegu Austfirði og Fljótsdalshérað, í daglegu máli Firði og Hérað. Firðirnir vita mót austri og suðaustri, og nyrst að nokkru til norðausturs en landsmegin Héraðsins liggur nokkurn veginn frá *suðvestri* til *norðausturs*. Firðirnir eru umkringdir háum fjöllum og að fjarðabaki er geysimikill fjallgarður sem skilur að Firði og Hérað. Hann er nánast óslitinn sunnan úr Lóni og norður að Héraðsflóa og á honum eru fjöll og fjallstindar sem eru meðal hinna hæstu á landinu, sums staðar um og yfir 1300 metra. Fjallabákurinn lækkar nokkuð þegar norðar dregur en þar eru þó einstök fjöll geysihá eins og Beinageitafjall og Dyrfjöll. Einungis einn dalur rýfur að marki þennan mikla fjallgarð, Fagridalur, sem liggur milli Reyðarfjarðar og Héraðs þar sem nú er þjóðvegurinn milli Fjarðabyggðar og Egilsstaða, en annars er og var farið milli Héraðs og Fjarða ýmist um háar heiðar eða fjallaskörð.

Þegar farið er milli Fjarða og Héraðs um þessi skörð, heiðar og Fagradal er talað um að fara *upp* þegar farið er af Fjörðum til Héraðs og *niður* eða *ofan yfir* þegar farið er af Héraði til einhvers af Fjörðunum. Úr Breiðdal er t. d. farið *upp á* eða stundum *upp í* Hérað og af Héraði *niðurá/niðrá* Firði eða *ofan yfir/‘onivir’*. Heimamaður á Stöðvarfirði talar um að fara *upp til* Héraðs en ef lengra er farið í þá áttina talar hann um *norður*, t. d. *norður á* Jökuldal. Oft er í gamni talað um *efra* og *neðra*; *í efra* er uppi á Héraði en *í neðra* er á Fjörðunum.

Héraðið að fjallabaki er geysivíðlent. Um það falla tvö stórfljót í sömu meginstefnu nokkurn veginn í norðaustur: Jökulsá í Fljótsdal og Lagarfljót annars vegar og Jökulsá á Dal — öðru nafni á Brú — hins vegar. Jökulsá í Fljótsdal fellur um Norðurdalinn í Fljótsdal og í Lagarfljót sem er stöðuvatn út um Egilsstaði en heldur nafni sínu allt til ósa og fellur í Héraðsflóa í sama ósi og Jökulsá á Dal. Sú á kemur úr Brúarjökli og fellur um Jökuldal og ytra um Jökulsárhlið og Hróarstungu.



Á Héraði og Jökuldal eru höfuðáttirnar — eða áttaorðin — *austur* og *norður* gagnstæðar áttir og ganga þvert á stefnu þessara vatnsfalla.

Þegar komið er t. d. *neðan af* Fjörðum og *upp í* Egilsstaði og farið yfir fljótið á brúnni þá er talað um að fara *norður* yfir Fljót, t. d. yfir í Fell og út í Tungu. Og á Jökuldal eru bæir annars vegar *austan við* á og hins vegar *norðan við*.

Þetta er reglan á Héraði og Jökuldal — eða hefur verið til skamms tíma og er enn í máli alls eldra fólks. Af Jökuldal er talað um að fara *austur* í Egilsstaði og til er að sagt sé að fara *austan af* Héraði *norður* á Jökuldal þó að venjulega sé nú sagt að fara *upp* á Jökuldal. Á Héraði er rík venja að tala um *upp* þegar átt er við stefnuna inn til landsins og *út* um áttina til sjávar. — Stundum er Héraðinu skipt í tvo hluta — þótt mörkin á milli séu ekki ljós — og er þá talað um *Upp-* og *Út-Hérað*. Af Upp-Héraði og Jökuldal er þá talað um að fara *út* á Hérað og af Út-Héraði *upp* á Hérað en sums staðar úti á Héraði er talað um að fara *upp* á sveitir. Jökuldalur skiptist í *Út-Dal* og *Efra-Dal*, og Útdælingar tala um að fara *upp* á Dal og Efra-Dælingar segja *út* á Dal.

Þegar kemur norður í Vopnafjörð eru heimildir mínar heldur rýrar. Stefán Einarsson segir að í dölum Vopnafjarðar, sem liggja nokkuð svo frá suðvestri til norðausturs, virðist málvenja vera svipuð og á Héraði. Ég þykist hafa orðið var við að talað sé um *austur* og *norður* eins og á Héraði, t. d. *austan* og *norðan* við Hofsá, og hefur brottfluttur Vopnfirðingur staðfest það í samtali við mig.



Stefán Einarsson braut mjög heilann um það hvernig á þessu áttatáknakerfi stæði, ef kerfi skyldi kalla, en ekki villu, segir hann, og villu hef ég heyrt Héraðsmenn í leit að skýringu kalla þetta fyrirbrigði. Stefán leitaði því til skýringar í fornritin til að kanna hvort þetta ætti sér fornar rætur. Hann fór í gegnum Íslendingasögur og Landnámu og nokkur fleiri rit og niðurstaðan varð í stuttu máli sú að margt var líkt en annað ólíkt því sem er í íslensku nú á dögum, en hann fann ekki það kerfi í fornum ritum sem samsvaraði því sem tíðkast hefur á Austurlandi til þessa, hvorki í Austfirðinga sögum né öðrum fornritum þar sem sögu víkur austur í Fjörðu. Austfirsku sögurnar sýna einmitt „rétt“ áttanotkun, t.d. er einlægt talað um fyrir *austan* eða *vestan* Fljót, Lagarfljót eða einfaldlega Vatn eins og það er oft nefnt í þessum sögum. Stefán lét sér detta í hug að þetta AUSTUR/SUÐUR kerfi á Fjörðunum og NORÐUR/AUSTUR kerfi á Héraði ætti rætur að rekja til kaupsvæðaskiptingarinnar á einokunartímanum og væri því e. t. v. ekki fornt. Í fornritum væru notaðar „réttar“ áttatáknar og því hefði þetta breyst í tímans rás. Sjálfum fannst honum „þetta, satt að segja, allt annað en sannfærandi lausn gátunnar, en eitthvað hlýtur að hafa gerzt til að hleypa breytingunni af stað, — ef austfirzku sögurnar sýna rétta mynd af málvenju þar eystra.“ Hann lét sér jafnvel til hugar koma að höfundar fornra rita hefðu notað „réttar“ áttir til að rugla ekki lesendur í fjarlægum héruðum í ríminu. Í fornritum væri eins konar staðlað mál. Hann skildist því við þetta án þess að honum hafi þótt hann ná endanlegri eða sannfærandi niðurstöðu.

Bandarískur fræðimaður, Einar Haugen, tók sér fyrir hendur að túlka frekar þessa áttakerfislýsingu sem Stefán hafði safnað til. Í stórum dráttum má segja að hann hafi skýrt þetta kerfi. Hann rekur það til landshátta, ferðahátta og landkönnunar og fjórðungaskiptingarinnar fornu og gerir því augljóslega ráð fyrir að þetta sé fornt fyrirbæri.

Hann leggur áherslu á að þegar farið er *austur* í Fjörðu, í Austfirðingafjórðung, úr Sunnlendingafjórðungi, er haldið að meginstefnu til í *austur* átt. Á suðurluta Austfjarða er haldið austlægri stefnu, þótt norðan við austur sé, ferðinni er heitið *austur* í *fjörðu*, í *Austfjörðu* og *austur* á *land*. Þegar komið er svo langt austur með landi að ekki getur heitið *austur* lengur—ferðalangur þarf að átta sig á ný—tekur *norður* við og meginstefnan er nú í áttina til Norðurlands, úr Austfirðingafjórðungi í *Norðlendingafjórðung*. Ýmis atriði, stór og smá, færir Haugen fram máli sínu til stuðnings og margt er sannfærandi. En hann skýrir þó ekki nógu vel hvers vegna þessar áttatáknar og einkennilegu andstæður, sem virðast eiga vel við lengri ferðir, verða svona fastar, ekki einungis í landshluta, heldur í héruðum og í nánasta umhverfi, í einstökum sveitum, fjórðum og dölum. Hann skýrir ekki

heldur muninn á fornu máli, eins og fram kom hjá Stefáni Einarssyni, og síðari alda máli.

Stefán Einarsson nefnir í ritum sínum, einkum ritgerðinni um áttatáknanir í fornritum, að nauðsynlegt sé að safna meira efni og hann nefnir að fara þurfi í Sturlungu og Biskupasögur, fornbréf og jarðaskjöl. Enn fremur þurfi að orðtaka Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, svo og allar árbækur ferðafélagsins. Þetta er óunnið enn, en er nauðsynlegt ef túlkun Einars Haugens telst ekki fullnægjandi.

Að því er Jarðabók Árna og Páls varðar þá kemur hún ekki til greina því að Múlapingsbókin — og Skaftafellsping einnig — er glötuð og sú jarðabók sem næst stendur í tíma (1695) kemur ekki að gagni, því að hún er eingöngu jarðamatsbók og ekki frekari fróðleik þar að finna. Austurland kemur að vísu við sögur Sturlungu og hefur Stefán Einarsson notað hana, en ekki bætir hún neinum frekari fróðleik við. Biskupa sögur og Fornbréfasafn kynnu að gefa eitthvað af sér í þessu efni, en það er handleggur að fara gegnum þessi rit, einkum Fornbréfasafnið. Þess skal þó getið hér, að í Fornbréfasafni eru tvö skjöl sem eru forvitnileg í því sambandi sem hér um ræðir. Annars vegar er vitnisburðarbréf um landamerki Möðrudals á Fjalli, dagsett í Vallanesi Nikulásmessudag, þ.e. 6. desember, 1532. Þetta bréf er varðveitt í handritadeild Landsbókasafns undir safnmarkinu Lbs 62 8vo. Það er prentað í Íslenzku fornbréfasafni IX, bls. 638-39. Bréfið er afskrift úr bréfabók Ögmundar biskups með hendi Árna Magnússonar, staðfest í Skálholti 9. okt. 1711 af Árna Magnússyni, Ormi Daðasyni, Þórði Þórðarsyni og Páli Hákonarsyni. Það var áður prentað í Tímariti Jóns Pétrssonar I, 44-45 [1869].

Bréfið er birt hér í heild því að nokkrar forvitnilegar áttatáknanir koma fyrir í því. Stafsetning er samræmd en nokkrar gamlar orðmyndir látnar halda sér og ritmyndum örnefna er hreyft eins lítið við og kostur er. Greinarmerki er reynt að setja til að auðvelda lestur og glöggva skilning. Leturbreytingar, sem varða áttatáknanir, eru mínar.

[Úr íslenzku fornbréfasafni IX, 638-39]

### Um Möðrudals landamerki

Það gjörum vér, Einar prestur Árnason, Ormur Loftsson, Halldór Ólafsson, góðum mönnum vitanlegt með þessu voru opnu béfi, að vér heyrðum Jón Guðmundsson lýsa svo vorðnum framburði, að hann hefði verið barnfæddur í Möðrudalsstað á Fjalli hjá föður sínum, séra Guðmundi heitnum Jónssyni, sem guð hans sál friði, og sagði hann hefði haldið staðinn fyrrgreindan sex ár og xx [tuttugu] og kveðst hafa alist þar upp til þess hann var nítján vetra gamall; og

sinn faðir hefði haldið landeign Möðrudalsstaðar að þeim læk, sem fellur undan Súlundum *ofan* í Hölkná, sem riðið er *ofan* í Vopnafjörð, og svo langt *austur* í heiðina undir Þrívarðnaháls á Skjöldólfsstaðaveg, og hálfst Seningarvatn og öll Grjótgarðsvötn, og *fram* á Þrívarðnafjallgarð er stendur á hestleið; Brúarveg og hálfan Arnardal að öllum gæðum og átta hrossa göngu beit í Vegg og Krókmel og taka ekki undan folöld; á Mývatnsöræfi *fyrir norðan* Jökulsá og hálfar Herðibreiðstungur. Hér með lýsti hann, að Skálholtsstaðar eign hefði þá verið haldin hálfir Grímsstaðir á Fjalli, en Möðrudalsstaðar hálfir, og sinn faðir hefði þar haft egg og fugl, skóg og gras og allar landsnytjar, en landamerki *ofan* að á þeirri, sem kölluð er Vatsleysa. Hér sagði hann öngvan hafa átalað, meðan hann vissi, utan um Þrívarðnaháls hefði Skjöldólfsstaðamenn uppátalað, þó þar yrði ekki framkvæmd á. Þennan framburð og lýsing handsalaði greindur Jón Guðmundsson bókareid velbornum dándimanni Guðna Gottskálkssyni, sem þá hélt Möðrudalsstað, eftir sinni framsögn. Og til meiri auðsýningar og staðfestu eftir laganna útvísan settum vér áðurskrifaðir menn vor innsigli fyrir þetta vitnisburðarbréf, skrifað í Vallanessstað á Völlum, og greind lýsing fór þar fram líkavel Nikulásmessudag árum eftir guðs burð, eitt þúsund fimm hundruð þrjátíu og tvö ár.

Hér er eins og þetta áttatáknakerfi gægist fram. Talað er um svo og svo langt *austur* í heiðina annars vegar og Mývatnsöræfi *fyrir norðan* Jökulsá og hálfar Herðibreiðstungur.

Hins vegar er réttir öld síðar, eða sumarið 1630, gefinn vitnisburður um landamerki Grímsstaða á Fjöllum. Fróðlegt er að bera hann saman við vitnisburðarbréfið um landamerki Möðrudals með tilliti til átta- og stefnuorða. Leturbreytingar stefnu- og áttaorða, eru mínar. Vitnisburður þessi er úr minnisbók Odds Einarssonar Skálholtsbiskups, AM 243 4to, bl. 34v–35r:

#### Framburður Björns Jónssonar um landamerki Grímsstaða á Fjalli

Svofelldan vitnisburð ber eg, Björn Jónsson, að eg hefi vitað til um þá eyðijörð, Grímsstaði á Fjalli, síðan eg var uppvaxtapiltur, og hefi eg aldrei annað heyrt né vitað en hún ætti land *út* að þeirri á sem kallast Vassleysa og fellur *austur* öræfum á milli Hóls og Grímsstaða og *suðurfrá* á móts við Möðrudal að þeirri stóru vörðu sem kölluð er Biskupsvarða og stendur á Grímsstaðahálsi hvör haldið er að skilji Norðlendinga- og Austfirðingafjórðung og *vestur* í Jökulsá. Uppbyggði minn sálugi faðir, Jón Jónsson, fyrrnefnda eyðijörð, Grímsstaði, og bjó þar þrjú (iiij) ár eða fjögur, og smíðaði hann þar upp fimm hús heima og þrjú hús í selinu. Og hann keypti alla við þar til, og heyrði eg aldrei neina ágreining

um fyrrsögð landamerki. Og minn sálugi faðir lögfesti fyrrnefnda jörð til þessara landamerkja *úti* Vassleysu og *suður að* Biskupsvörðu á Grímsstaðahálsi. En nú fyrir fáum árum hefi eg heyrt, að Jón Þórarinsson, sem býr á Valþjótsstöðum í Núpasveit í Presthólaþingum, að hann hafi viljað eigna sinni jörðu, Hóli á Fjalli, alla þá tungu, *í frá* ánni Vassleysu og *suður í* grófina, sem liggur *fyr sunnan* frá fjallgarðinum, en það hefur áður verið haldið Grímsstaða land átölulaust í allan máta svo lengi sem eg hefi vitað.

Var þessi minn vitnisburður útgefinn og skrifaður í Skálholti þann 4. dag júlí 1630.

Og til sanninda hér um þrykki eg mínu signeti á þetta vitnisburðarblað og undirskrifa mitt nafn hér fyrir neðan með eigin hendi.

[Björn Jónsson]

## Heimildir

Ari Páll Kristinsson. 1998. *Handbók um málfar í talmiðlum*. Reykjavík:

Málvísindastofnun Háskóla Íslands.

Árni Böðvarsson. 1992. *Íslenskt málfar*. Reykjavík: Almenna bókafélagið hf.

Diplomatarium Islandicum—Íslenskt fornbréfasafn. ... Niunda bindi. Reykjavík: Hið íslenska bókmentafélag 1909–13.

Stefán Einarsson 1952. Áttatáknanir í íslenzku nú á dögum. *Skírnir*. Reykjavík:

Hið íslenska bókmenntafélag.

Einar Haugen. The Terms of Orientation in Icelandic. *Word* 13 (1957), 3: 447-459.